

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	13.5.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	Fulltrúi UST	
Heimili	Víðimóum 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	7110012470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.22.0, 38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574850,759 614909,661

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik kom fram við eftirlit, annars vegar varðandi skil á grænu bókhaldi og hins vegar skil á magntölum úrgangs. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Engin brennsla fer fram í stöðinni lengur en tekið er á móti úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum til flokkunar og meðhöndlunar.

Þann 1. júní n.k. tekur Íslenska Gámafélagið við rekstri flokkunarstöðvar og móttöku og flokkun spilliefna í húsnæði brennslunnar og tekur við skyldum Sorpsamlagsins vegna starfsleyfisins. Mun Íslenska Gámafélagið starfa skv. áætlun um rekstrarstöðvun sem skilað hefur verið inn og samþykkt af Umhverfisstofnun. Reiknað er með því að starfsleyfi Umhverfisstofnunar verði skilað inn og þess í stað fengið starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Rekstraraðili mun senda inn tilkynningu þess efnis.

Gengið var um stöðina og flokkunaraðstaða og svæði utandyra skoðuð. Stöðin var snyrtileg á að líta en lítil starfsemi var í stöðinni á meðan eftirlitið fór fram.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar, hvorki til rekstraraðila, eftirlitsaðila né heilbrigðiseftirlits.

Frávik frá

Grein 3.4 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Ekkert grænt bókhald hefur borist frá fyrirtækinu fyrir árið 2014

19. gr. laga nr. 55/2003

Rekstraraðila ber að skila skýrslu til Umhverfisstofnunar, fyrir 1. maí ár hvert, varðandi magntölur úrgangs skv. 19. gr. laga nr. 55/2003. En þar segir, "Rekstraraðilar skulu fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem meðhöndlaður var á undangengnu almanaksári. Skal skýrslan innihalda upplýsingar um tegundir úrgangsins og magn, uppruna og ráðstöfun hverrar tegundar."

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNÆÐ

Varðandi grænt bókhald og skyldu fyrirtækisins til að skila slíku bókhaldi vísar Umhverfisstofnun annars vegar til ákvæði nr. 3.4 í starfsleyfi fyrirtækisins og hins vegar í tölulíð 5.1 í fylgiskjali við reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Samþykkt hefur verið að Umhverfisstofnun fari einungis í eitt eftirlit með rekstraraðila árið 2015 þar sem starfsemin hefur breyst verulega og brennslan ekki lengur í gangi.

Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var einnig viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík,

22.05.2015

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.